

Snemmtæk íhlutun

Handbók

leikskólans Álfaheiði



Leikskólinn Álfaheiði
KÓPAVOGSBÆR

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
1.1 Markmið	4
1.2 Undirmarkmið:.....	4
1.3 Læsisstefna Álfheiðar.....	5
2. Málproski barna og snemmtæk íhlutun	6
2.1 Snemmtæk íhlutun í málörvun og undirbúningur fyrir lestur	6
2.2 Málörvun ungra tví- eða fjöltyngdra barna	8
3. Móttaka barna í leikskólanum Álfheiði	13
3.1 Fyrsta viðtal og aðlögun	13
mynd 1. Fyrsta viðtal - verkferlar	14
4. Skimanir/prófanir	15
4.1 EFI-2	15
4.2 HLJÓM-2	15
4.3 TRAS.....	16
5. Hlutverk sérkennslustjóra	17
6. Viðbrögð við frávikum.....	18
6.1 Stoðþjónusta.....	18
mynd 2. Verkferlar þegar um frávik er að ræða	18
6.2 Skólaþjónusta leikskóladeildar Menntasviðs Kópavogs	19
6.3 Matslistar	22
7. Samvinna við stofnanir og félagasamtök	25
8. Í dagsins önn	26
8.1 Snemmtæk íhlutun	29
mynd 3 Uppbygging málörvunarstunda	30
8.2 Lífsmennt	34

8.3	Vináttuverkefnið	35
8.4	Grænfánaleikskóli	37
8.5	Sólblómaleikskóli:	37
9.	Lokaorð	38
10.	Heimildarskrá	39
11.	Viðauki.....	0
	Einstaklingsnámskrá.....	0
	Móttökusamtal	1
	Móttökusamtal enska	2
	Yfirlitsblað fyrir TRAS	3
	Yfirlitsblað EFI-2	4
	Niðurstöður HLJÓM-2 og leiðbeiningar til foreldra	5

1. Formáli

Leikskólinn Álfaheiði tók til starfa 1. desember 1990. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla nr. 90/2008 og tekur starfsemi hans mið af Aðalnámskrá leikskóla 2011 (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011). Leikskólinn er fjögurra deilda og allt að 79 börn dvelja í Álfaheiði og þar starfa um það bil 30 starfsmenn.

Megináhersla starfsins í Álfaheiði er lífsmennta- og umhverfisstefna sem er í sífelldri þróun. Leikskólinn tók þátt í þróunarverkefni um lífsmennt á árunum 2003-2004 og hefur unnið eftir þeirri stefnu alla tíð síðan. Það er trú okkar að börn læri best þegar þeim líður vel og að lífmenntastefnan veiti börnunum og okkur öryggi og vellíðan. **Lífsmennt** byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og beinir athygli barnanna að jákvæðum lífsgildum. Gildunum er fléttað, á fjölbreyttan hátt, inn í allt starf leikskólans með það að markmiði að undirbúa nemendur betur undir lífið. Námsefnið krefst þess að starfsmenn leikskólans tileinki sér gildin því börn læra best það sem fyrir þeim er haft. Kennarar eru jafnframt hvattir til þess að byggja á ríkri menningararfleið sinni þegar námsefnið og gildin eru fléttuð inn í daglegt starf og það hefur Álfaheiði haft að leiðarljósi. Að auki hafa börn, foreldrar og starfsfólk leikskólans frá árinu 2001 styrkt framfærslu barna í SOS barnaþorpum. Álfaheiði er því **Sólblómaleikskóli** sem fræðist um hag og réttindi barna um víða veröld samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt eru valdar greinar úr **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**, um réttindi barna, stór þáttur í leikskólastarfinu. **Vinátta** er forvarnarefni frá Barnaheill, byggt á fjórum gildum, sem ætlað er að koma í veg fyrir að einelti þróist í barnahópum í leik- og grunnskólum. Álfaheiði var einn þeirra frumkvöðlaleikskóla sem tóku þátt í að aðlaga efnið að íslensku leikskólasamfélagi. Vinátta hefur því verið fastur liður í leikskólastarfinu síðan 2014. Efnið stuðlar að öruggu, jákvæðu og heilbrigðu lífi fyrir börn í leik- og grunnskólum, með því að byggja upp jákvæð samskipti, umhyggju og vináttu. Vináttuverkefninu fylgja einnig hugmyndir að verkefnum ætluð starfsfólki og foreldrum. Árið 2008 flaggaði leikskólinn fyrsta **Grænfánanum** en það er alþjóðlegt umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum.

Leikskólinn Álfaheiði sótti um að taka þátt í þróunarverkefninu *Snemmtæk ihlutun - mál og læsi* í leikskólum Kópavogs árin 2017-2019, fyrst og fremst til þess að efla færni alls starfsfólks leikskólans í vinnu með málörvun og læsi og samræma verkferla. Sérstök áhersla var á að samræma verkferla innan veggja leikskólans og fá leiðbeiningar til þess að útbúa handbók sem tekur saman lýsingar á því hvernig er unnið eftir hugmyndafræðinni í leikskólanum.

Starfsfólk leikskólans vill þakka Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi, kærlega fyrir fræðsluna, stuðninginn, jákvæðnina og fyrir að hafa smitað allt starfsfólkið af áhuga sínum fyrir snemmtækri íhlutun. Að auki fá Maríanna Einarsdóttir leikskólaráðgjafi og Margrét Samúelsdóttir talmeinafræðingur sérstakar þakkir fyrir handleiðslu þeirra og Menntasviði Kópavogs fyrir veittan stuðning. Einnig viljum við þakka hinum leikskólunum sem tóku þátt í þessu þróunarverkefni, Arnarsmára, Núpi og Sólhvörfum fyrir alla samvinnuna.

1.1 Markmið

Markmiðið er að öll börn í leikskólum Kópavogs nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti og undirbúning hvað varðar lestur. Stefnt er á að þessi undirbúningur í leikskólunum skili börnunum betur undirbúnum inn í fyrsta bekk grunnskóla og að unnið sé í anda heildstæðrar skólastefnu. Lögð verður áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum þannig að komið verði í veg fyrir afturvirk't rof (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Unnið verður eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra nemenda hvað varðar málþroska og læsi.

Leitast er við að skilgreina og flokka málörvunarefni eftir viðeigandi málþáttum. Einnig eru útskýrðar skimanir/prófanir sem eru notaðar í leikskólanum til að meta málþroska og undirbúning fyrir lestur. Sérstök áhersla er lögð á að skilgreina hvaða íhlutun fer í gang eftir skimanir/prófanir með yngri og eldri börnum leikskólans. Það er ósk starfsfólks leikskólans að þróunarverkefnið verði til þess að sem flestir sem vinna með ung börn vinni eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar með það að markmiði að mæta þörfum allra barna.

1.2 Undirbúningur:

- Að styrkja og efla málþroska leikskólabarna með áherslu á læsi í víðum skilningi.
- Að leggja áherslu á samvinnu við heilsugæslustöðvar vegna niðurstæðna úr þroskaprófum eftir tveggja og hálf's árs og fjögurra ára skoðun.
- Að nota skilvirkari vinnubrögð hvað varðar málþroska og læsi með því að búa til verkferla sem leikskólinn styðst við. Skimanir hvað varða mál og læsi verði notaðar í leikskólanum. Aukin áhersla á íhlutun og uppbyggingu málörvunarhópa og einstaklingsþjálfun þar sem hvert barn fær íhlutun/kennslu við sitt hæfi.

- Að auka þekkingu, færni og öryggi starfsfólks í vinnu með málörvun og læsi í leikskólum Kópavogs.
- Að auka færni í skráningu, mati á árangri og flokkun/vali á viðeigandi málörvunarefni hjá starfsfólki leikskólanna.
- Að virkja/útbúa sérstaka móttökuáætlun fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál og efla íslenskukennslu, viðeigandi málörvun og stuðning fyrir þennan hóp barna.
- Að auka samstarf við sérfræðinga og foreldra hvað varðar málörvun og læsi. Aukin fræðsla til foreldra.

(Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2018)

1.3 Læsisstefna Álfheiðar

Framtíðarsýn skólasamfélagsins miðar að því að efla málþroska barna og styrkja getu og leikni þeirra í lestri og lesskilningi. Hver leik- og grunnskóli hefur sín sérkenni og mótar eigin aðferðir til þess að ná markmiðum í stefnu Kópavogsbæjar um mál og læsi. Þannig er nemendum okkar skilað vel undirbúnum fyrir áframhaldandi nám, líf og leik í nútímasamfélagi. Mál og lestrarhæfni er viðfangsefni allra barna og mikilvægt samfélagslegt verkefni. Hæfileiki barna til þess að þróa mál sitt og hversu vel það nýtist fer eftir því hversu mikla og fjölbreytta málörvun þau fá í uppvexti sínum. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsinnáms og koma þannig í veg fyrir eða draga úr námserfiðleikum og neikvæða upplifun af skólagöngu seinna meir. Leikskólinn Álfheiði setur sér stefnu um málþroska, lestur og lesskilning í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur. Fyrir ítarlegri upplýsingar sjá viðauka eða á heimasíðu leikskólans Álfheiðar. <https://alfaheidi.kopavogur.is/>

2. Málproski barna og snemmtæk íhlutun

2.1 Snemmtæk íhlutun í málörvun og undirbúningur fyrir lestur

Öll börn eiga rétt á að fá kennslu við hæfi. Það er mikilvægt að unnið sé að þessu markmiði með því að stuðla að auknu samstarfi fagstétta og allra þeirra sem vinna með ung börn. Áhersla verður lögð á snemmtæka íhlutun og að brugðist verði við um leið og grunur vaknar um málþroskafrávik hjá ungum börnum. Með því að veita markvissa málörvun í gegnum leik og daglegar aðstæður sem fyrst, er leitast við að draga úr erfiðleikum sem barnið kann að lenda í síðar meir. Lagt er upp með að aðlaga málörvun að þörfum hvers einstaklings með því að skilgreina hvaða málþætti þarf að styrkja. Áhersla er einnig lögð á einstaklingsáætlanir, skráningu og mat á árangri. Mikilvægur þáttur í samstarfi fagstétta í málörvun er að skilgreina mismunandi hlutverk þeirra innan leikskólans. Það skiptir jafnframt sköpum að efla samstarf við foreldra með því að fræða þá og upplýsa um málþroskafrávik og gera þeim grein fyrir stöðu barna sinna hvað varðar mál, tal og boðskipti. Sótt er um íhlutun talmeinafræðinga, sálfræðinga og annarra sérfræðinga eftir eðli frávika. Með því að upplýsa foreldra gera þeir sér betur grein fyrir mikilvægi þess að taka virkan þátt í aðferðum snemmtækrar íhlutunar og að þannig undirbúi þeir barn sitt til þess að takast á við allt nám. Þannig er unnið enn frekar að íhlutun sem mætir þörfum allra barna hvað varðar málörvun og kennslu við hæfi.

Snemmtæk íhlutun er afmarkað fræðasvið. Sérfræðingar gerðu sér grein fyrir að hægt er að hafa áhrif á þroskaframvindu barna og undirbúning fyrir nám með ígrunduðum aðferðum (Weitszman og Greenberg, 2002; Tryggvi Sigurðsson, 2006). Heilastarfsemin hjá ungum börnum er ekki fullmótuð og börn eru næmari fyrir íhlutun á yngri árum. Þetta þýðir að því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr, eða jafnvel koma í veg fyrir, námserfiðleika síðar á lífsleiðinni. Snemmtæk íhlutun í málörvun felst í því að byrja nógu snemma að greina málþroskafrávik; skilgreina í hverju vandinn er fólgin með því að fá góðar bakgrunnsupplýsingar varðandi barnið og skoða vel hvaða málþætti þarf að vinna með, ásamt því að veita ráðgjöf og markvissa þjálfun til að ná árangri. Eitt af því sem skiptir miklu máli í allri málörvun er að vinna markvisst eftir viðeigandi málþáttum. Mikilvægt er að flokka og skilgreina málörvunarefni sem er til í leikskólanum út frá því hvaða málþætti er verið að vinna með hverju sinni. Í framhaldi er hægt að mæta betur mismunandi þörfum barna í málörvun. Einnig er mikilvægt að skrá og skilgreina hvað er gert í málörvun, meta árangur og senda viðeigandi málörvunarverkefni heim með þeim börnum sem þess þurfa. Slík vinnubrögð stuðla að aukinni samvinnu á milli starfsfólks leikskóla og foreldra/forráðamanna.

Einn þáttur í snemmtækri íhlutun fyrir börn með málþroskafrávik er að kenna þeim viðeigandi notkun máls. Undanfarið hefur áhugi fræðimanna í auknum mæli beinst í þessa átt vegna þess hve afgerandi áhrif hún hefur á hegðun og líðan barna. Birtingarform málþroskafrávika getur komið fram í hegðunarerfiðleikum. Börn með slaka boðskiptafærni geta átt erfitt með að vera í hópi. Þau eiga erfitt með að lesa í óyrt skilaboð, hlusta, setja sig í spor annarra og gera til skiptis. Þetta veldur því að þau fá færri tækifæri til að læra af öðrum börnum í hópavinnu. Í bókinni um Bínu bálareiðu (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2006) er unnið markvisst með að kenna börnum að leggja grunn að góðum boðskiptum. Bína kennir börnunum að sitja, passa hendur, hlusta, bíða, gera til skiptis og muna. Auk Bínu og boðskiptafærinnar sem hún kennir börnum í Álfaheiði er lögð mikil áhersla á það með öllum börnum í daglegu starfi að efla sjálfstjórn, einbeitingu, úthald og félagsfærni með hugmyndafræði lífsmenntar.

Málskilningur er háprúð færni sem byggir á heyrnar- og sjónskyni. Þegar börn læra að lesa þurfa þau að geta byggt á ákveðnum grunni til að geta gert sér í hugarlund aðstæður sem þau lesa um. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar og skilja tengsl orsaka og afleiðingar sem getur haft áhrif á getu til að túlka lestexta síðar á ævinni. Þá getur þetta haft áhrif á færni þeirra við að búa til skema sem er mikilvægt fyrir mál- og lesskilning (Brinton og Fujiki, 2006; Westby, 2006). Þessi grunnur er lagður hjá ungum börnum í gegnum leik. Í leiknum búa þau til skema sem er eins konar innra handrit og er geymt í minni. Það sýnir tengsl hluta og alhæfða þekkingu tengda atburðum, aðstæðum, hlutum og texta (Singh og Kent, 2000). Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik byggir upp skema fyrir málskilning. Góður lesskilningur byggir síðan á málskilningi og orðaforða (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010).

Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu. Samkvæmt túlkun niðurstaðna á orðaforðagátlistanum Orðaskil (Elín Þöll Þórðardóttir, 1998) kom í ljós að meðaltal virks orðaforða stúlkna við 24-25 mánaða aldur er 366 orð en 268 orð hjá drengjum á sama aldri. Hægt er að kortleggja virkan orðaforða hjá börnum með því að leggja fyrir orðaforðagátlista og þroskalista sem meta mál ungra barna (Elín Þöll Þórðardóttir 1998; Rosetti, 2005). Talmeinafræðingar geta metið málþroska frá fæðingu og orðaforða frá eins árs aldri. Það skiptir sköpum að vinna markvisst í gegnum leikaðstæður og leyfa börnum að uppgötva málið í gegnum skemmtilega málörvun sem er útfærð í leik og viðhöfð í daglegum aðstæðum í leikskólanum. Allt starfsfólk leikskólans þarf að leggja sig fram við að vera góðar

málfyrirmyndir og að gera sér grein fyrir mismunandi stöðu barna og hvernig það getur nýtt daglegt starf til að örva málþroska barnanna eftir þeirra þörfum.

Annar mikilvægur þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfi í gegnum leik og söng. Það er vitað að taktur, söngur og hrynjandi eykur áhuga og hjálpar til við nám (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Í kringum sex mánaða aldur eru flest börn farin að leika og endurtaka hljóðasambönd sem eru búin til af samhljóða og sérhljóða. Í kringum eins árs aldur þróa börn síðan hæfileikann til þess að segja orð sem hafa merkingu við ákveðnar aðstæður (Bryndís Guðmundsdóttir, 2008). Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi í viðkomandi tungumáli fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með málhljóðin. Þetta gerir það að verkum að börn eru virk í þessu ferli sem á sér stað yfir ákveðinn tíma og yfirfæra síðan þessa þekkingu á málhljóðum yfir á aðra þætti, svo sem undirbúning fyrir bókstafsþekkingu og lestrarnám. Umskráning bókstafa í málhljóð byggir meðal annars á þróun hljóðkerfisins. Rannsókn Þóru Másdóttur (2008) sýndi í hvaða röð íslensk börn tileinka sér málhljóðin frá tveggja ára aldri. Fyrst koma nefhljóðin /m/ og /n/ og síðast sveifluhljóðin /r/ og /hr/. Sérhljóð voru ekki skoðuð sérstaklega í rannsókninni en vísbendingar úr henni bentu á að íslensk börn læri fyrst sérhljóðin (/a/, /í/, /e/, /u/, /i/, /o/, /ö/) og síðan tvíhljóðin (/á/, /æ/, /ei/, /ó/, /au/). Þessar upplýsingar gefa okkur hugmyndir um hvernig best er að haga skemmtilegri vinnu með íslensku málhljóðin sem er skemmtilegt að gera í gengum leik og söng (Eyrún Í. Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009). Það er mikilvægt að leika sér með málhljóðin frá unga aldri vegna þess að íslenskar rannsóknir sýna að tveggja ára börn geta myndað 67% einstakra málhljóða á réttan hátt (Hildigunnur Kristinsdóttir, 2007) og að rúmlega þriggja ára gömul börn (3;4 ára) geta myndað 88 % íslenskra einstakra málhljóða rétt. Því fer fjarri að það eigi að vinna með beina framburðarleiðréttingu hjá svo ungum börnum heldur er aðeins verið að benda á mikilvægi þess að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar þegar unnið er með alla málþætti. Það ætti alltaf að vinna í samráði við með talmeinafræðinga þegar unnið er með framburð málhljóða.

Byggt á bókinni: Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir og fl. 2014)

2.2 Málörvun ungra tví- eða fjöltyngdra barna

Við móttöku barna af erlendum uppruna hefur verið stuðst við móttökuáætlun Reykjavíkurborgar www.allirmed.is en þar höfum við meðal annars nálgast bókina; **Ljáðu mér orð** þar sem hægt er að setja inn myndir af viðkomandi barni í ýmsum aðstæðum og bókin er

stuðningur fyrir barn, starfsmenn og foreldra bæði heima og í leikskólanum. Að auki eru notaðar; *Bjargir* úr bókinni „Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna“. Kópavogsbær greiðir fyrir alla túlkaþjónustu í foreldrasamstarfi við foreldra af erlendum uppruna. Árið 2018 gaf Kópavogur út handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í leik- og grunnskóla ásamt öðrum upplýsingum og fróðleik, sem er að finna á eftirfarandi vefslóð: <https://fjolmenning.kopavogur.is/um-vefinn/>

Málþroskapróf sem eru stöðluð á öðru tungumáli en móðurmáli barnsins gefur ekki rétta mynd af málþroska barnsins ein og sér (Edwards, Letts og Sinka, 2011). Það er þó hægt að nota ákveðin viðmið prófa til þess að skoða einstök atriði í málþroska barnsins út frá eðlilegum þrepum í málþroska, sem öll börn fara í gegnum, eins og að hlusta, sameina athygli, gera til skiptis, sýna táknrænan leik, tengslamyndun, orðaforði, málskilningur, setningamyndun og viðeigandi boðskipti. Hvert tungumál hefur þó sín sérkenni sem taka þarf tillit til í mati á málþroska. Það væri auðvitað æskilegt að hægt væri að meta málþroska barnsins á eigin tungumáli. Það er þó oft flókið svo leita verður annarra leiða. Stundum er gott að taka málsýni og nýta sér túlk þegar verið er að skoða málþroska á öðru tungumáli en íslensku og fylgjast með barninu í daglegum aðstæðum.

Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskaröskun. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að það að læra önnur tungumál valdi málþroskaröskun eða valdi seinkun í málþroska (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004). Öll börn hafa gott af því að læra önnur tungumál burtséð frá mögulegum fötlunum eða heilkennum sem þau geta haft. Það skiptir þó sköpum að góður grunnur sé lagður fyrir málþroska barnsins með því að rækta vel og nota móðurmál þess heima fyrir. Það þýðir ekki að barnið blandi ekki stundum saman fleiri en einu tungumáli þegar það tjáir sig.

Mikill misskilningur er í gangi við greiningu og málörvun ungra barna sem alast upp við tvítyngi eða fjöiltyngi. Þau geta verið vangreind, þ.e.a.s. að öll vandamál barnsins séu útskýrð út frá því að barnið sé að læra annað tungumál. Það gleymist að börn eiga auðvelt með að læra önnur tungumál ef allt er með felldu. Einnig getur það gerst að barnið sé greint með málþroskafrávik þó að vandinn sé aðallega í því fólgin að barnið fái meiri tíma til þess að tileinka sér nýtt tungumál. Það er oft mikill vandi að greina hvort barn sem er að læra önnur tungumál sé með málþroskafrávik. Í túlkun niðurstaðna er mikilvægt að meta frammistöðu barns á þeim tungumálum sem það er að læra og ef mögulegt er að vera í góðri samvinnu við túlk sem talar móðurmál barnsins.

Bæta þarf hagnýtar rannsóknir sem stuðla að því að bæta aðferðir og mælingar á málþroska tví- og fjöltyngdra barna. Það hefur þó verið sýnt fram á að börn sem læra tvö mál samhliða, frá því að þau eru mjög ung, búi til tvö aðskilin málkerfi og að þau fari í gegnum sömu þætti í málþroska á hvoru tungumáli fyrir sig þannig að þau læra ákveðin atriði tungumálsins í sömu röð og eintyngd börn (Elín Þöll Þórðardóttir, 2006). Þessi vitneskja hjálpar okkur að meta málþroska barna sem tala fleiri en eitt tungumál. Það er mikilvægt að afla góðra bakgrunnsupplýsinga og einnig að nota gátlista, skrá niður orðaforða barnsins (þau orð sem barnið notar á þeim tungumálum sem það er að læra) og hvort það hafi möguleika á því að stunda tómstundir þar sem töluð er íslenska. Leggja þarf áherslu á að skapa möguleika fyrir börn sem eru að læra íslensku til að umgangast íslensk börn fyrir utan leikskóla til að fá fleiri tækifæri til þess að ná góðum tókum á tungumálinu. Síðast en ekki síst þarf að athuga hvort barnið er fætt á Íslandi og einnig hversu lengi það hefur dvalist á Íslandi og hvort það sé í íslenskum leikskóla. Það er líka mikilvægt að vita hvort móðurmál barnsins sé notað í samskiptum við það og að hvetja foreldrana til þess að rækta móðurmál barnsins.

Það er ljóst að mikilvægt er að greina hvort barnið er með málþroskafrávik sem kemur þá fyrst fram í eigin tungumáli og endurspeglast í öðrum tungumálum sem barnið lærir. Síðan þarf að athuga hvort barnið alist upp við það að ekki sé lagður góður grunnur að málþroska á eigin tungumáli. Það getur gerst að blandað sé saman einfaldri íslensku, ensku og einstaka orðum úr móðurmálinu. Ef málumhverfi barnsins er gert mjög flókið getur það haft áhrif á málþroska. Það þarf þó í öllum samtölum við foreldra frá mismunandi menningarheimum að gera sér grein fyrir því að viðhorf til frávika er mjög mismunandi og í sumum löndum er allt önnur merking lögð í hugtakið að vera með frávik. Í mörgum vestrænum þjóðfélögum er meira verið að hugsa um það að finna frávik hjá barninu til þess að geta sett af stað markvissa íhlutun sem fyrst. Í öðrum löndum getur það að vera með frávik vakið upp mikla hræðslu og óöryggi einfaldlega vegna þess að blöndun og skóli án aðgreiningar er ekki jafnþekkt í þjóðfélaginu og á Íslandi. Börn með frávik eru jafnvel send á stofnun eða þau fá ekki sömu tækifæri til menntunar og önnur börn.

Það sem skiptir öllu máli er að gera sér grein fyrir menningarmun og mismunandi túlkun á frávikum hjá mismunandi þjóðum. Einnig þarf að taka tillit til þess hvaða bakgrunnsorðaforða barnið ræður yfir og kynna fyrir barninu bakgrunnsorðaforða sem tengist íslensku. Í ljósi þessa er mikilvægt að leggja áherslu á það að útskýra ný hugtök fyrir barninu og vera viss um að barnið geri sér grein fyrir því til hvers sé ætlast af því. Það er ljóst að hvort sem barnið er með

málþroskafrávik eða slaka færni í því að læra íslensku þá er mikilvægt að veita viðeigandi íhlutun til þess að öll börn hafi jafna möguleika til náms á Íslandi.

Rannsóknir á börnum sem eru að læra fleiri en eitt tungumál sýna margar fram á sömu meginatriði:

- Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskafrávikum.
- Það er ekki nauðsynlegt að aðgreina tungumálin algerlega til þess að koma í veg fyrir rugling. Það skiptir mestu máli að tala móðurmál barnsins og leggja grunn að eðlilegri þróun í málþroska. Hins vegar er líka mikilvægt að læra tungumálið í því landi sem að barnið kemur til með að búa í. Þetta á sérstaklega við um orðaforða sem er notaður í skólaumhverfi barnsins.
- Að læra tvö tungumál tekur lengri tíma en að læra eitt. Það getur þ.a.l. komið fram frávik í málþroska þegar barnið er prófað eingöngu á einu tungumáli.
- Besta leið til þess að meta stöðu barna sem eru að læra íslensku sem annað tungumál er að meta orðaforða barnsins. Það er hægt að gera t.d. með *Orðaforðagátlistanum – Orðaskil* og telja saman þau orð sem barnið notar í báðum tungumálum. *Orðaskil* er þó eingöngu hægt að nota til þriggja ára aldurs. Einnig er hægt að gera óformlega athugun á skólaorðaforða með aðstoð túlks.
- Magn og gæði hvað varðar samskipti, íhlutun og notkun í báðum tungumálum hafa áhrif á málþroska.
- Aðaláhbyggjur af mati á málþroska hjá börnum er hættan á því að vanmeta málþroskafrávik sem koma fram á báðum tungumálum og útskýra frávikin alfarið út frá því að barnið sé að læra önnur tungumál. Hins vegar er líka hættan á því að gera ráð fyrir að barnið sé með málþroskavandamál þegar orsökina er að barnið hefur ekki fengið næg tækifæri til þess að tileinka sér tungumálið í því landi sem það býr í.

Almenn atriði í málþroska sem börn ganga í gegnum hvað varðar málþroska:

- *Barnið er að uppgötva málið (frá fæðingu til átta mánaða)*
- *Að geta skipst á boðum (átta til 13 mánaða)*
- *Barnið byrjar að segja fyrstu orðin (12 til 18 mánaða)*
- *Barnið getur sett saman orð (18 mánaða til tveggja ára)*
- *Einföld setningamyndun (tveggja til þriggja ára)*
- *Flóknari setningamyndun (þriggja til fimm ára)*

Sjá einnig heimasíðu HTÍ www.hti.is

Ef að barnið fylgir ekki ofangreindum þrepum í málþroska er líklegt að barnið sé með málþroskafrávik sem að endurspeglast bæði í móðurmáli og öðrum tungumálum sem barnið lærir.

Byggt að hluta á bókinni: *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergros Ólafsdóttir, Margrét P. Jónsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, 2014

Kafli 2, birt með leyfi Ásthildar Bj. Snorradóttur.


3. Móttaka barna í leikskólanum Álfaheiði

3.1 Fyrsta viðtal og aðlögun

Við upphaf leikskólagöngu barns er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og starfsmanna. Áður en barn hefur aðlögun sína er foreldrar boðaðir í móttökusamtal hjá deildastjóra. Í fyrsta samtali veita foreldrar leikskólanum mikilvægar bakgrunnsupplýsingar varðandi sitt barn, og stuðst er við spurningalista sem þróaður var af starfsfólki leikskólans í þeim tilgangi að veita snemmtæka íhlutun til að mæta þörfum barnsins. Foreldrum er boðið upp á foreldrasamtöl einu sinni til tvisvar á ári þar sem rætt er m.a. um líðan barns, nám og þroska. Þegar tví- eða fjöltyngd börn byrja í leikskólanum er mikilvægt að styðja við máltöku þeirra á íslensku frá upphafi leikskólagöngunnar og notast er við túlkapjónustu í samtölum við foreldra af erlendum uppruna. Þegar barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar beðnir um að koma með myndir af nánustu fjölskyldu barnsins. Þetta tengir heimili og leikskóla, örvar málþroska og það hjálpar börnunum í aðlögun að hafa myndir af sínum nánustu uppi á vegg. Fjölskyldumyndin er fyrsta skref í vinnu með Barnasáttmálann og er mikið notuð í Lífsmenntastundum. Þar segja börnin frá og æfa sig að nefna fjölskyldumeðlimi á nafn og segja frá gæludýrum eða uppáhalds dóti. Myndin fylgir börnunum á milli deilda og þeim finnst gaman að skoða myndir af sér þegar þau voru lítil og sjá hvernig fjölskyldur stækka eða breytast.



mynd 1. Fyrsta viðtal - verkferlar




4. Skimanir/prófanir

Foreldrar eru hvattir til þess að fara með börnin sín í reglulegar heilsufarsskoðanir á heilsugæslustöðvum. Ef einhver frávik koma fram í slíkri skoðun setur hjúkrunarfræðingur á heilsugæslunni sig í samband við sérkennslustjóra (að fengnu leyfi frá foreldrum) til þess að fá nánari upplýsingar um viðkomandi barn og hvort íhlutun eigi sér þegar stað í leikskólanum.

Unnið er að skipulagningu verkferla um skrifleg skil milli heilsugæslu og leikskóla í Kópavogi.

Í Álfaheiði fylgjast leikskólakennarar og sérkennslustjóri með framvindu þroska barnanna. Þeir nota ýmsar athuganir/skimanir/próf til þess að átta sig betur á hvar styrkleikar og veikleikar hvers nemenda liggja og geta þannig veitt snemmtæka íhlutun sé þörf á því. Eftirfarandi matstæki eru lögð eru fyrir öll börn í leikskólanum Álfaheiði:



4.1 EFI-2

EFI-2 er málproskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Höfundar eru Elmar Þórðarson, Friðrík Rúnar Guðmundsson og Ingibjörgu Símonardóttir talmeinafræðingar. Barn og kennari eða sérkennari skoða saman myndabók og svör barnsins gefa vísbendingu um hvar það er státt í málþroskaferlinu. Þessi skimun kannar málskilning og máltjáningu barnsins og tilgangurinn er að finna börn sem gætu þurft á stuðningi að halda. Með því að finna börn með málörðugleika er hægt að bæta úr með snemmtækri íhlutun. Þau börn sem koma út með slaka eða mjög slaka getu fara í gegnum ákveðið ferli. Foreldrar eru boðaðir í viðtal þar sem samráð á sér stað og foreldrar fá ráðgjöf. Yfirlitsskjal hefur verið útbúið í leikskólanum (sjá viðauka) sem sýnir niðurstöður allra barna á deildinni (eingöngu ætlað kennurum/sérkennslustjóra). Með skjalinu fæst góð yfirsýn yfir þá þætti sem vinna þarf markvisst með og leiðbeiningar um hvernig mætti skipta börnum í málörvunarhópa. Ef þurfa þykir er kallað eftir aðkomu talmeinafræðings eða sálfræðings í samráði við foreldra.

4.2 HLJÓM-2

HLJÓM-2 er skimun í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barna leikskólans til að finna þau börn sem eru í áhættu fyrir því að eiga við lestrarerfiðleika

síðar. *HLJÓM-2* byggist á sjö mismunandi verkefnum: Rími, samstöfum, samsettum orðum, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Höfundar *HLJÓM-2* eru Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir talmeinafræðingar og dr. Amalía Björnsdóttir dósent (2002).

Skimunin er lögð fyrir að hausti eða þegar barnið hefur náð viðeigandi aldursviðmiði. Fyrir þau börn sem eru með slaka eða mjög slaka færni, er skimunin lögð fyrir aftur að vori. Í millitíðinni er unnið með þá þætti sem komu slakir út. Hafi ekki átt sér stað umtalsverðar framfarir í hljóðkerfisvitund barnsins er kallað eftir aðkomu talmeinafræðings. Niðurstöðum *HLJÓM-2* er ávallt skilað skriflega í foreldrasamtali með leiðbeiningum til foreldra um hvernig megi styrkja hljóðkerfisvitund. Niðurstöðum er einnig skilað til þess grunnskóla sem barnið mun sækja.

4.3 TRAS

TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun hjá börnum á ákveðnum aldri og er fylltur út fyrir hvert barn tvisvar sinnum á ári. Listinn fylgir barninu í gegnum leikskólagönguna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með *TRAS* skráningunni er hægt að fylgjast með frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Skráningin er norsk að uppruna en hefur verið þýdd og staðfærð fyrir íslenskar aðstæður.

Markmið með *TRAS* skráningarlistanum er:

1. Að unnt sé að því að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik.
2. Að reynt sé að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávika.

Niðurstöður nota kennarar síðan til að ákveða hvernig best megi stuðla að framförum hjá barninu og þær eru síðan kynntar foreldrum í næsta samtali.

5. Hlutverk sérkennslustjóra


Sérkennslustjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum sem við eiga, Aðalnámskrá leikskóla og stefnu sveitafélags. Meginverkefni eru stjórnun og skipulagning sérkennslu, uppeldi og menntun barna og nán samvinna við foreldra, samstarfsfólk og sérfræðinga. Sérkennslustjóri veitir ráðgjöf til samstarfsfólks og foreldra varðandi snemmtæka íhlutun. Sérkennslustjóri er tengiliður við sérfræðinga, boðar fundi, ritar fundargerðir, útbýr beiðnir, hefur umsjón með útfyllingu lista og fylgiskjala. Jafnframt er einstaklingsnámskrárgerð, tilkynningar til barnaverndar, skýrslugerð og myndbandsupptökur vegna frekari greininga og aðkomu félagsþjónustu í höndum sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri situr að auki foreldrasamtöl þar sem þörf er á túlkþjónustu, foreldrasamtöl þar sem grunur er um frávík í þroska, sem og skila- og upplýsingaviðtöl sérfræðinga. Sérkennslustjóri hefur umsjón með skipulagi á nýtingu rýmis m.a. fyrir leikhópa og vinnustundir og umsjón með námsgögnum fyrir sérkennslu. Sérkennslustjóri hefur einnig umsjón með og leggur fyrir *EFI-2* fyrir börn á fjórða ári. Sérkennslustjóri skilar upplýsingum um einstök börn, þ.e. þarfir þeirra, markmið og leiðir í sérkennslu til næsta skólastigs sem og ef barn flytur í annan leikskóla. Stöðugildi sérkennslustjóra í leikskólum Kópavogs er miðað við fjölda barna í hverjum skóla, í leikskólanum Álfaheiði er stöðugildi sérkennslustjóra 50%.

6. Viðbrögð við frávikum

6.1 Stoðþjónusta

Verklag þegar óskað er eftir sérfræðiþjónustu vegna barns er eftirfarandi: Eftir samtal við foreldra og aðkomu sérkennslustjóra fylla foreldrar og deildarstjóri út viðeigandi matslista og sérkennslustjóri útbýr beiðni sem send er til sérkennslufulltrúa hjá Menntasviði Kópavogs. Beiðni inniheldur grunnupplýsingar um barn og forráðamenn, upplýsingar um helstu áhyggjur af þroska barns, lýsingu starfsmanna og foreldra á styrkleikum barns, hegðun og líðan. Í beiðninni er einnig tekið fram hvernig og hve lengi unnið hefur verið með barnið, hvaða matslistar hafa verið lagðir fyrir og hvaða kennsluaðferðum hefur verið beitt.

mynd 2. Verkerlar þegar um frávík er að ræða



6.2 Skólapjónusta leikskóladeildar Menntasviðs Kópavogs

Leiðbeiningar um beiðnir

Þegar áhyggjur af þroska, hegðun eða líðan barns eru miklar og/eða langvarandi er hægt að óska eftir þjónustu af hálfu talmeinafræðings, sálfræðings, sérkennsluráðgjafa og/eða iðjuþjálfara.

Þrenns konar þjónusta er í boði:

- **Beiðni um skólapjónustu vegna barns** (mat talmeinafræðings, sálfræðings, iðjuþjálfara o.fl.)
- **Beiðni um ráðgjöf vegna barns** (fyrir foreldra og/eða starfsfólk)
- **Beiðni um ráðgjöf vegna hóps** (t.d. skimun á barnahópi)

Verklag þegar óskað er eftir skólapjónustu vegna barns:

- fylla út **Beiðni um skólapjónustu leikskóla** í ONE - tölvukerfinu
- gæta þess að **allar** umbeðnar upplýsingar komi fram og rafræn undirskrift foreldra fylgi
- láta foreldra og/eða deildarstjóra fylla út viðeigandi matslista
- skanna matslista og/eða önnur fylgiskjöl og láta fylgja með beiðninni
- **ATH. að nóg er að senda eingöngu útreikninga úr Íslenska þroskalistanum, Smábarnalistanum, Orðaskilum, EFI-2 og HLJÓM-2.**

Ef spurningar vakna er ávallt hægt að hafa samband við starfsfólk. Beiðnir sem ekki eru útfylltar á fullnægjandi hátt gætu verið sendar tilbaka. Fylgiskjöl eru mismunandi eftir tilvísunarástæðum og hægt er að óska eftir viðeigandi matslistum hjá sérfræðingum leikskóladeildar. **Ef áhyggjur er af fleiru en einum þætti, látið þá öll viðeigandi fylgiskjöl fylgja með beiðni.**

Áhyggjur af málþroska: Málskilningur, tal og/eða framburður

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður **Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans** (þarf ekki að fylgja ef bara framb.)
2. Gátlisti fyrir málþroska barna:
 - **Gátlisti fyrir málþroska 2 - 3 ára barna**
 - **Gátlisti fyrir málþroska 3 - 3,6 ára barna**
 - **Gátlisti fyrir málþroska 3,6 - 4 ára barna**
 - **Gátlisti fyrir málþroska 4 - 4,6 ára barna**
 - **Gátlisti fyrir málþroska 4,6 - 6 ára barna**
3. Niðurstöður mats:
 - **Orðaskil** (18-36 mánaða)
 - **EFI-2** (3-4 ára)
 - **HLJÓM-2** (5 ára)
 - **Ef framburðarvandi hjá 4 ára og eldri: ISC**
 - (<http://www.csu.edu.au/research/multilingual-speech/ics>)

4. Ef barn hefur íslensku sem annað tungumál er gagnlegt að fylla út ***Staða og framfarir 3-5 ára barna*** og láta samantekt niðurstaðna fylgja með:

➤ (http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/matslisti_0.pdf)

Viðmið fyrir mál og tal

12 mánaða: Við 12 mánaða aldur segja börn oftast sitt fyrsta orð. Hlusta þarf á hvort að barnið bablar og hvort fjölbreytni sé í bablinu (mismunandi samhljóðar og sérhljóðar). Einnig er mælt með að fylgjast með óyrtum samskiptum sbr. bendingar, augnsamband, sameinuð athygli o.s.frv.

18 mánaða: Við 18 mánaða aldur eiga börn að segja lágmark 10 orð.

2,5 ára og 4 ára skoðun: *Brigance* skimun á heilsugæslu

Framburður: Sjá töflu hér fyrir neðan, prósenturnar tákna hlutfall barna sem hafa náð hljóðunum á þeim aldri (t.d. ná rúmlega 75% barna tókum á /s/ og /r/ við 4 ára aldur en 90% þeirra við 6 ára aldur, þ.e. 60% þeirra sem ekki hafa náð tókum á þeim 4 ára hafa náð þeim án inngríps við 6 ára).

Málhljóðamyndun íslenskra barna, meðaltileinkunaraldur á stökum hljóðum

	>75%	>90%
2 ára	/m/ /b/ /n/ /d/ /j/ /h/ /v/ /l/ /g/, /gj/ /f/ /p/ /ð/	/m/ /b/ /n/ /d/ /j/ /h/
3 ára	/t/ /k/, /kj/ /hj/ óraddað /l/	/v/ /l/ /g/, /gj/ /f/ /p/ /t/ /k/, /kj/ /hj/
4 ára	mjúka /g/ /s/ /r/	/ð/
5 ára	/p/ óraddað /r/	mjúka /g/ (<i>fluga, sög</i>) /p/
6 ára		/s/ /r/, óraddað /r/ (<i>eins og hringja, hárl...</i>)
eldri	óraddað /n/ (<i>hnífur, hnetar...</i>)	?

Áhyggjur af þroska - einhverfu

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans
2. Gátlisti fyrir málþroska barna
 - **Gátlisti fyrir málþroska 2 - 3 ára barna**
 - **Gátlisti fyrir málþroska 3 - 3,6 ára barna**
 - **Gátlisti fyrir málþroska 3,6 - 4 ára barna**
 - **Gátlisti fyrir málþroska 4 - 4,6 ára barna**
 - **Gátlisti fyrir málþroska 4,6 - 6 ára barna**
3. Niðurstöður úr **Orðaskil** (18-36 mánaða)
4. **Spurningar um styrk og vanda (SDQ) (fyrir 4 ára og eldri)**
 - Deildarstjóri og foreldrar fylli út á viðeigandi tungumáli: <http://www.sdqinfo.com>

Vandi tengdur hegðun, einbeitingu, hreyfiþroska eða skynjun

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans
2. **Gátlisti fyrir hegðunarvanda**
3. **Spurningar um styrk og vanda (SDQ) (4 ára og eldri)**
 - Deildarstjóri og foreldrar fylli út á viðeigandi tungumáli: <http://www.sdqinfo.com>
4. **Ofvirkniþvarðinn (4 ára og eldri)** (valkvæmt)
 - Deildarstjóri og foreldrar

Tilfinningavandi (kvíði, depurð, hlédrægni)

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans
2. **Gátlisti fyrir hegðunarvanda**
3. **Spurningar um styrk og vanda (SDQ) (4 ára og eldri)**
 - a. Deildarstjóri og foreldrar fylli út á viðeigandi tungumáli: <http://www.sdqinfo.com>
4. **Gátlisti fyrir kvíðaeinkenni hjá börnum á leikskólaaldri** (valkvæmt)

6.3 Matslistar

Íslenski þroskalistinn

Listinn er ætlaður fyrir þriggja til sex ára börn. Mæður barnanna svara listanum og meta getu þeirra á mál- og hreyfisviði. Prófbættir eru: Málþáttur (hlustun, tal og nám) og hreyfiþáttur (grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg). Til samans mynda undirprófin þroskatölu sem gefur til kynna almennan þroska barnsins að mati móður. Höfundar prófsins eru Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson.

AEPS

AEPS er færnimiðaður matslisti sem metur stöðu og framfarir barns en metur barnið ekki við meðalfærni jafnaldra. Upplýsingum er safnað frá foreldrum og leikskólanum og niðurstöður gefa mynd af þörfum, styrkleikum og veikleikum barnsins og er jafnframt grundvöllur þegar útbúin er einstaklingsnámskrá og íhlutun skipulögð.

Orðaskil

Orðaskil-málþroskaathugun byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Höfundur er Elín Þöll Þórðardóttir, talmeinafræðingur.

Gátlisti fyrir málþroska

Gátlisti fyrir málþroska er skimun kennara á mál-/talvanda leikskólabarna. Listinn er fyrir fimm mismunandi aldursbil barna á leikskólaaldri, gátlistinn gefur hugmynd um umfang málþroskavanda sem talmeinafræðingur þarf að meta nánar. Kennarar fylgjast með barni í að lágmarki fjórar vikur og merkja við þá þætti sem eiga við og lýsa málnotkun barns í ákveðnum aðstæðum.

Gátlistinn er endurskoðaður og aðlagður af Margréti Samúelsdóttur, talmeinafræðingi, með leyfi Hólmfríðar Árnadóttur og Valdísar Birnu Guðjónsdóttur, talmeinafræðinga.

Mat á hegðunarvanda

Mat á hegðunarvanda er matslisti útbúinn fyrir sérfræðipjónustu Menntasviðs Kópavogs sem kennarar fylla út. Áður en matið er gert þarf að fylgjast með barninu í mismunandi aðstæðum nokkrum sinnum og skrá þegar erfið hegðun á sér stað, aðdraganda hennar (það sem gerist á

undan t.d. fyrimæli starfsfólks, hegðun annarra barna eða annað sem virðist „kveikja“ erfiðu hegðunina) og afleiðingar hennar (það sem gerist strax á eftir hegðuninni t.d. viðbrögð barna eða starfsfólks). Höfundur er Elísa Guðnadóttir, 2013, byggt á Crone og Horner (2004) og Todd, Horner, Sugai og Colvin (1999).

ICS

ICS er kvarðinn Skilningur á tali í samhengi, vegna framburðarvanda hjá 4 ára og eldri.

Foreldrar barns meta framburð þess og hversu vel eða illa það skilst í samskiptum þess við fjölskyldu, stórfjölskyldu, vini og kunningja út frá sjö spurningum. Kvarðinn er til á fjölmörgum tungumálum. <http://www.csu.edu.au/research/multilingual-speech/ics>

STAÐA > FRAMFARIR > FRAMHALD

Handbók sem er ætluð leikskólum sem hjálpartæki við að meta stöðu og framfarir barna af erlendum uppruna í íslensku. Hér er ekki um að ræða próf heldur byggist aðferðin á skráningu á atferli og málnotkun barnanna. Aðferðin byggist á einföldu módeli og gefnar eru fjórar hugmyndir um hvernig hægt er að vinna skipulega að skráningu á málþroska og atferli barnanna. Handbókinni fylgja listar sem hægt er að nota við að skipuleggja og halda utan um skráninguna. Í upphafi handbókarinnar eru sett fram nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar meta á máltöku tvítyngdra barna. Höfundur er Kolbrún Vigfúsdóttir. http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/matslisti_0.pdf

SDQ spurningar um styrk og vanda

SDQ-listinn gefur vísbendingar um hegðun, líðan, tilfinningar og hæfni barns í félagslegum samskiptum. Foreldrar og kennarar fylla út sitt hvort eintakið af listanum og eru svörin borin saman af sálfræðingi stoðþjónustu Kópavogsbæjar.

ADHD Rating Scale, Ofvirkni-kvarðinn

Með listanum eru metin einkenni um ofvirkni, hvatvísi og athyglisbrests út frá svörum foreldra og kennara. Þau einkenni sem spurt er um samsvara alþjóðlegum greiningarviðmiðunum.

Gátlisti fyrir kvíðaeinkenni hjá börnum á leikskólaaldri

Foreldrar og kennarar svara þessum lista og merkja við þau atriði sem eiga oft við hjá viðeigandi barni og gera það að verkum að barnið getur ekki tekið þátt í leik og starfi eða

þroskast eðlilega. Með íhlutun er foreldrum ávallt bent á að sækja námskeiðið **Klókir litlir krakkar**. Höfundur gátlistans er Elísa Guðnadóttir sálfræðingur.

7. Samvinna við stofnanir og félagasamtök

Stoðþjónusta Menntasviðs í Kópavogi veitir þjónustu og ráðgjöf varðandi greiningar á frávikum í málþroska sem og almenna og sértæka málörvun leikskólabarna. Þau börn sem falla ekki undir viðmið tryggingarstofnunar um niðurgreiðslu vegna talþjálfunar, hafa á elsta ári fengið talþjálfun í leikskólanum á vegum talmeinafræðings Menntasviðs.

Leikskólinn fær jafnframt ráðgjöf frá sjálfstætt starfandi talmeinafræðingum sem sinna talþjálfun einstakra barna. Miðlun upplýsinga er ávallt í góðri samvinnu við foreldra viðkomandi barna.

Unnið er að því efla samstarf á milli leikskóla og heilsugæslu og eru verkferlar í vinnslu.

Samvinna við grunnskólann er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og auðveldar börnum flutning á milli skólastiga. Náið samstarf er við Álfhólsskóla og meginmarkmið samstarfsins er að nám barna myndi samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Fastir þættir í samstarfinu eru gagnkvæmar heimsóknir, þátttaka í hátíðum og hefðum, fundir kennara, miðlun á upplýsingum og kynningar á milli skólastiga.

Niðurstöðum úr *HLJÓM-2* er miðlað til grunnskólans að vori og grunnskólinn hefur miðlað niðurstöðum úr skimunarprófi fyrir fyrsta bekk (skimunarpróf sem metur grunnþætti læsis í fyrsta bekk) til leikskólans.

Mikið samstarf er einnig við Bókasafn Kópavogs í tengslum við bókaátakið *Lesum saman*, sem hefst ár hvert í nóvember og stendur yfir í mánuð. Við fáum bækur lánaðar frá bókasafninu, börn og foreldrar hafa svo aðgang að bókunum hér í leikskólanum og mega fá lánaða bók með sér heim. Í enda átaksins fá öll börn bók að verðlaun frá foreldrafélagi leikskólans. Börnin fara einnig í heimsóknir og á námskeið um meðferð bóka hjá bókasafninu.

Leikskólabörnin sækja önnur menningarhús í Kópavogi og náin samvinna er við Barnaheill, SOS samtökin, Landvernd og fleiri félagasamtök.

8. Í dagsins önn

Ritmál er sýnilegt

Starfsfólk leikskólans reynir að hafa ritmálið sýnilegt á sem flestum stöðum því þannig geta börnin lært að tengja saman hluti og ritmál. Til dæmis má nefna að stólarnir sem eru á deildum eru merktir með nöfnum barnanna. Einnig eru húsgögn og aðrir hlutir í umhverfi barnanna merktir með orðmyndum. Í fataherbergjum er mynd af hverju barni með nafni þess og foreldra barnsins. Á hverri deild hanga uppi myndir, tákn og texti með vikudögunum og mánuðum. Inn á deildum eru afmælis„lestir“ eða „ormar“ með mynd og nafni hvers barns við þann mánuð sem barnið á afmæli.



Veðurfræðingur og þjónn

Á eldri deildum skoðar veðurfræðingurinn veðrið og athugar hitastig og veðurfar fyrir útiveru og finnur út í hverju á að klæðast þann daginn. Á yngri deildum er farið yfir veðrið í samverustund, rætt um hvaða mánaðar- og vikudagur er og veðurfræðingurinn býður börnum úr samverustund til borðs og notar tákn með tali (TMT). Á eldri deildum er það þjónninn sem fer yfir mánaðardagana en þjónninn gerir einnig ýmislegt annað, til dæmis leggur á borð (þar æfa börnin hugtakaskilning á borð við yfir, undir, hægri, vinstri, við hliðina á, fyrir ofan) býður börnum að setjast til borðs og býður þeim að gjöra svo vel. Þetta þjálfar börnin í tjáskiptum, kennir þeim að fara eftir fyrirmælum og eflir athygli og biðlund. Þetta þjálfar einnig verklega færni hjá börnunum.

Bókasafn

Bókasafn leikskólans er flokkað í eftirfarandi flokka: Framhaldsbækur, íslenskar þjóðsögur og ævintýri, nýjar bækur, íslenskir höfundar, erlendir höfundar, bækur fyrir yngri börn og lífsmenntabækur.


Ríkulegt safn fræðibóka um uppeldi og þroska barna er til fyrir starfsfólk leikskólans, sem foreldrum er einnig velkomið að fá að láni.

Barnasáttmálinn

Í leikskólanum er lögð áhersla á að börn séu með í ákvarðanatöku sem varðar líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfir. Í Barnasáttmálanum eru lykilhugtökin umhyggja, vernd og

þátttaka. Unnið er með þau atriði Barnasáttmálans sem eru börnunum næst eins og nöfn þeirra, fjölskyldu og rétt þeirra til hvíldar, jafnréttis og leiks. Eins eru greinar um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós í málum er þau varða. Með þátttöku barnanna og ákvarðanatöku í daglegu starfi eflast samskipti sem byggja á virðingu, vináttu, samvinnu, ábyrgð og lýðræðislegum vinnubrögðum. Leikskólinn Álfaheiði er þátttakandi í þróunarverkefni um að verða Réttindaskóli UNICEF.

Notast er við könnunaraðferðina að hluta til en eldri börnin gera hugmyndavefi þegar nýtt efni eða hugtak er tekið fyrir. Hugmyndavefurinn felst í því að allir fá sína hugmynd skráða niður á blað sem síðan fer upp á vegg og unnið með yfir veturinn. Hugmyndir barnanna verða þannig sýnilegar og þau sjá að það sem þau segja skiptir máli.



Verkefnin eru ólík eftir aldri og þroska barnanna:

- 1-2 ára. Barnið og fjölskyldan. Unnið er út frá fjölskyldumynd barnsins og börnin læra að setja orð á fjölskyldumeðlimi, dýr og annað sem sjá má (eins og sjá má á bls. 13). Börnin gera sjálfsmyndir og ræða þá um líkamann og líkamsheiti.
- 3 ára. Barnið, fjölskyldan og nafnið. Umræður um fjölskylduna, nöfn og jafnvel bókstafi. Hvert barn lærir orðamyndun nafns síns og fyrsta bókstafinn í nafninu. Spilað og leikið er með nöfn barnanna og bókstafi. Einnig er farið í ýmsa leiki sem tengjast nöfnum barnanna.
- 4 ára. Barnið, fjölskyldan, nafn barnsins og heimilið. Börnin velta fyrir sér merkingu nafnsins síns og uppruna, leira nafnið sitt, teikna það og merkingu þess. Mismunandi fjölskyldugerðir og heimilismynstur eru rædd. Heimili barnanna eru heimsótt og þá er sérstaklega unnið með að börnin læri að segja heimilisföngin sín. Síðan er farið í gönguferð þar sem börnin sýna starfsfólki og hinum börnunum leiðina á sitt heimili.

- 5 ára. Barnið, fjölskyldan, nafn barnsins, heimilið, tjáning og skoðanir. Börnin velta fyrir sér tjáningarfrelsi, æfa sig í framkomu, segja sína skoðun og læra að bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Þau fá tækifæri til þess að meta starfið og leikskólann sinn.



Í öllum árgöngum eru lesnar bækur um fjölskyldur, vináttu og líkamann sem tengjast þroska hvers árgangs. Ýmsar opnar spurningar koma upp í ferlinu og fá börnin tíma til að velta fyrir sér og sjá svörin jafnvel á hugarkorti eða hugmyndavef.

Spilasafn og sérkennslugögn

Álfaheiði á gott spilasafn og þar getur hver deild sótt sér spil eftir þörfum. Spilasafn og sérkennslugögn eru flokkuð til að efla eftirfarandi færni: Samleikur og félagsfærni, tjáskipti og samskipti, athygli og einbeiting, málskilningur, málvitund, framburður, orðaforði og setningamyndun (*TRAS* Skráning á málþroska ungra barna) auk stærðfræði.

Aldursskiptar áherslur:


Tákn með tali (TMT) er boðskiptaleið sem er hægt að nota með börnum á öllum aldri en það er verkfæri sem leggur áherslu á að nota tákn samhliða tali til að efla skilning og tjáningu þegar börn eiga í erfiðleikum með munnlega tjáningu. TMT minnkar pirring barnsins yfir að geta ekki tjáð sig og auðveldar barninu að gera sig skiljanlegt. Með aðstoð TMT byggist upp orðaforði, félagsfærni eykst, hreyfifærni verður betri og setningar lengjast. Sérstök áhersla er á notkun náttúrulegra og myndrænna tákna sem eru hlutlæg og því er auðveldara fyrir barnið að skilja hvað átt er við. Notkun tákna með tali hægir á tali fullorðinna og setningar verða styttri og hnitmiðaðri. Útfærsla tákna tekur mið af taltakti þannig að öll atkvæði komist til skila. Taltaktur ýtir undir myndun málhljóða og skýrari framburð. Notkun TMT hefur í för með sér meiri og markvissari boðskipti, eflir sjálfstæði og lífsgæði aukast.

Bína Bálreiða: Öllum börnum leikskólans eru kenndar svokallaðar Bínureglur en þær hjálpa börnum að eiga viðeigandi boðskipti sem er mjög mikilvægur þáttur í þeirra námi. Reglurnar eru sýnilegar börnunum á myndrænu formi inni á deildum og eru ávallt rifjaðar upp í hópastarfi,



samverustundum og í matartímum. Reglurnar eru eftirfarandi: Að sitja kyrr, hlusta, passa hendur, bíða, skiptast á og muna (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2006, 2007, 2008).

Lubbi: Lubbaefnið gefur færi á ótal skemmtilegum og fjölbreyttum leikjum sem ýta undir hljóðanám, stafabekkingu, hljóðavitund og fleiri undirstöðupætti fyrir lestrarnám. Unnið er markvisst með málhljóðin hans Lubba með börnum fjögurra ára og eldri. Á öllum deildum er hlustað á lögin hans Lubba þar sem hver bókstafur/málhljóð á sitt lag og bókin; Lubbi finnur málbein er skoðuð með börnunum.



Bassi er þjálfunarefniefni sem notað er með þriggja og fjögurra ára börnum. Í þessu efni fylgja m.a. leiðbeiningar um hvernig á að byggja upp markvissar málörvunarstundir fyrir börn á leikskólaaldri. Stundirnar eru byggðar upp til að örva vitsmuna, félagsþroska, boðskipti og tjáningu. Unnið er í fámennum hópum. Bassi inniheldur fjölbreytt efni þar sem markvisst unnið er með málörvun, sögur, leiki og söngva.



Sögugrunnur er málörvunarefni sem miðar að uppbyggingu frásagnar auk þess að örva vitsmuna- og félagsþroska og tjáningu. Einnig býður efnið upp á markvissa vinnu til þess að auka orðaforða.

8.1 Snemmtæk íhlutun

Leitast er við að mynda **fámenna hópa** í öllu daglegu starfi svo mögulegt sé að veita aðhald, stuðning og örvun sem mismunandi einstaklingar hafa þörf á. Í leikskólanum er talað um leikhópa, þegar fáir einstaklingar með svipaðar þarfir vinna ákveðin verkefni, spila eða fara í sérstakar sögustundir. Í þessum hópum fer fram markviss málörvun og áhersla á að efla boðskipta-, félags- og verklega færni. Starfsfólk leikskólans notar leiðbeiningar um almenna málörvun frá talmeinafræðingum og stuðst er við bókina „*Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*“ og spurningarlista, skráningar og hugmyndir varðandi málörvun úr þeirri bók. (Ásthildur Bj. Snorradóttir og fl. 2014) Jafnframt er unnið eftir

einstaklingsmiðuðum leiðbeiningum frá talmeinafræðingum þegar barn hefur farið í málþroskamat og eða sækir talþjálfun utan leikskólans. Þessar stundir eru í 20-50 mínútur í senn, með tveimur til fjórum börnum í einu. Leikhóparnir eru starfandi alla daga og eru í umsjá sérkennara og þroskaþjálfra.

mynd 3 Uppbygging málörvunarstunda



TEACCH

Sé grunur um einhverfurófsröskun er unnið eftir hugmyndafræði TEACCH. Skammstöfunin stendur fyrir Treatment and Education of Autistic and related Communications Handicapped Children, eða meðferð og kennsla barna með einhverfu og skyldar boðskiptatruflanir. Flestir kennarar skólans hafa setið þriggja daga námskeið á vegum Greiningarstöðvarinnar. Hér er um að ræða alhliða þjónustulíkan fyrir fólk með röskun á einhverfurófi og fjölskyldur þeirra. Þjónustan miðast við alla aldurshópa allt frá snemmtækri íhlutun (e. *Early Intervention*) til fullorðins ára. Lögð er áhersla á einstaklingsmat og út frá því er smíðuð þjálfunar- og kennsluáætlun þar sem markvisst er unnið með styrkleika og þá þætti sem styrkja færni, sjálfstæði og áhuga einstaklingsins. TEACCH nálgunin er eins og aðrar íhlutunarleiðir

vænlegust til árangurs ef hún er í stöðugri endurskoðun og nær yfir sem flestar aðstæður í lífi viðkomandi einstaklingsins. **Skipulögð kennsla** (e. *Structured Teaching*) nefnist sú kennsluaðferð sem þróuð hefur verið innan TEACCH-líkansins. Rannsóknir hafa sýnt að skipulögð kennsla hentar mjög vel einstaklingum með röskun á einhverfurófi. Með því að skipuleggja umhverfið, setja upp dagskrá, vinnukerfi, sjónrænt boðskiptakerfi, og veita yfirsýn yfir það sem er í vændum, er áhrifamikil leið til að auka færni barna með röskun á einhverfurófi og gera þau færari um að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum. Einstaklingskennsla er mjög mikilvægur þáttur í dagskipulaginu til að barnið geti tileinkað sér nýja færni. Þá færni þarf barnið að geta yfirfært á aðrar nýjar aðstæður. Einstaklingsáætlun er útbúin með markmiðum og leiðum og stöðugt endurmat á árangri kennslunnar er skilyrði. Það er mikilvægt að barninu sé mætt á því þroskastigi sem það er statt. Við kennslu og þjálfun skal taka mið af styrkleikum og áhugasviði barnsins og nálgast þannig þá veikleika sem eru til staðar. Skipulagða kennslu er hægt að framkvæma hvar sem er og við hvaða aðstæður sem er og leitast við að svara eftirfarandi spurningum: Hvert á að fara, hvað á að gera, hve lengi, og hvað gerist næst. Sjá nánar: <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/skipulogd-kennsla>

Myndrænt skipulag og sjónrænar vísbendingar eru notaðar markvisst í leikskólanum. Í Álfaheiði er leitast við að hafa umhverfið eins leiðbeinandi og fyrirsjáanlegt fyrir börnin og



hægt er. Það er meðal annars gert í þeim tilgangi að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi þeirra. Á öllum deildum er myndrænt dagskipulag til leiðbeiningar fyrir börnin. Þetta er í raun stundarskrá fyrir hvern dag þar sem myndum er raðað á þar til gerðan renning. Hver mynd er lýsandi fyrir hverja stund dagsins, til dæmis er ein mynd fyrir morgunmat, önnur fyrir hópastarf, sú þriðja fyrir leik o.s.frv. Dagskipulagið er sett upp með börnunum í upphafi dags og um leið er útskýrt fyrir þeim hvað dagurinn muni

bera í skauti sér. Þetta veitir börnunum öryggi og hjálpar þeim að hafa yfirsýn yfir hvað er framundan. Sum börn fá sitt eigið dagskipulag sem



er þá sérsniðið að þeirra þörfum og er mun nákvæmara. Dagskrá samverustunda er einnig gerð sýnileg á myndrænan hátt. Víðsvegar um leikskólann eru myndrænar leiðbeiningar fyrir börnin sem sýna hvernig þau eiga að bera sig að við hinar ýmsu aðstæður og athafnir. Þetta geta til dæmis verið leiðbeiningar um hvernig börnin eiga að fara að þegar þau þvo sér um hendurnar (skrúfa frá krananum, bleyta hendur, fá sér sápu, þvo sér, skrúfa fyrir kranann og að lokum þurrka sér um hendurnar á handklæðinu) og í hvaða föt þau eiga að klæða sig í fataherbergi. Auk þess eru sýnilegar myndrænar umgengnisreglur, til dæmis *við rólum í rólunni, við mokum í sandkassanum, hendur eru til að faðma með, við göngum vel um náttúruna*.

Vinnustundir eða einstaklingsþjálfun fer daglega fram í sérkennsluherbergi en vinnustundir eiga sér auk þess stað á deildum. Í vinnustundum er lögð áhersla á einstaka þætti einstaklingsnámsskrár barnanna. Þar er notast við myndrænt vinnukerfi og stundaskrá og leitast við að yfirfæra færni barnanna inn á deild með ýmsum hætti. Tíðni og lengd vinnustunda er misjöfn og einstaklingsbundin.

Félagshæfnisögur eru mikið nýttar og gagnast börnum við að takast á við nýjar eða breyttar aðstæður og til að breyta óæskilegri hegðun. Sögurnar eru í flestum tilfellum gerðar í tveimur eintökum, eitt fyrir heimili barnsins og annað fyrir leikskóla. Sögurnar eru stuttar, þær eru alltaf jákvæðar, sagan er jafnframt skrifuð eins og barnið sé að segja hana: „Ég heiti Óli og ég á heima ...“ Leitast við að hrósa barninu í sögunni: „Ég er duglegur“ og enda oft á uppörvandi setningu eins og: „Það er gaman í sundi“ (<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/hagnytt-efni-1/ad-gera-fealgshaefnisogur>)

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform ætlað heyrandi fólki með tal- eða málörðugleika. Það er byggt upp á samblandi af tali, táknnum og látbragði sem er til að undirstrika merkingu þeirra. Tákn með tali er alltaf notað samhliða talmáli og eru aðalorð setninga þá eingöngu táknúð. TMT er mjög góð tjáskiptaleið fyrir fatlaða einstaklinga og börn í áhættuhópi fyrir málþroskaraskanir. Það hefur sýnt sig að börn sem hafa lært TMT eru oft farin að tjá sig með táknnum löngu áður en þau segja sitt fyrsta orð (Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal, 2005). Þegar TMT er notað þá er reynt að nota það í sem flestum aðstæðum í leikskólanum (t.d. við matarborðið, í samverustund, söng, leik, á salerni og í fataklefa). Þetta hefur hjálpað mikið í samskiptum við börn sem eru af einhverjum ástæðum ekki farin að nota talmálið og eiga af þeim sökum erfitt með að gera sig skiljanleg. Þetta ýtir undir sjálfstraust þeirra og vilja til að tjá sig.

TMT er notað mjög markvisst á yngstu deildinni og með þeim börnum sem hafa slakan málþroska. Táknin eru notuð sérstaklega mikið með söngtextum sem gefur öllum börnum á viðkomandi deild tækifæri til að læra táknin á skemmtilegan hátt, eins eiga öll börn sitt eigið tákn. Vikulega eru kynnt til leiks eitt til tvö ný tákn á yngstu deild en þau eru einnig hengd upp í fataherbergi fyrir foreldra.



PMTO, stendur fyrir *Parent Management Training – Oregon aðferð*, er sannprófuð meðferðarleið ætluð foreldrum barna með hegðunarerfiðleika. Úrræðið hentar mjög vel þeim sem koma að uppeldi barna á leik- og grunnskólaaldri. PMTO dregur úr hegðunarerfiðleikum barns og hefur auk þess jákvæð áhrif á samskipti innan fjölskyldu og frammistöðu barns í námi. Í Álfaheiði eru aðferðir PMTO nýttar til að greina, takast á við og koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika barna, mæla hegðun og veita foreldrum og samstarfsfólki ráðgjöf. PMTO verkfærin sem mest eru notuð eru eftirfarandi: Skýr fyrirmæli, hvatning, mörk, lausnaleit, hlutverkaleikir og umbunarkerfi. Auk þess hefur hluti starfsfólks fengið þjálfun í margvíslegum skráningaraðferðum.

Upplýsingatækni er unnin samkvæmt stefnu Kópavogsbæjar í upplýsingatækni í leikskólum https://www.kopavogur.is/static/files/Leikskolar/stefna_kopavogsbaejar_i_upplysingataekni_i_leikskolum.pdf Þar er lögð megináhersla á að

börnin fái tækifæri til þess að kynnst fjölbreyttri notkun upplýsingatækninnar. Megináhersla er að börn læri á smáforrit í spjaldtölvu sem ætluð eru til þess að auðga ímyndunaraflíð og sköpunarkraft þeirra. Þau læra umgengni við spjaldtölvuna og eflast félagslega í nánun samstarfi við hvert annað. Unnið er sérstaklega einu sinni í viku í fjögurra manna hópum þannig að börnin eru tvö um hverja spjaldtölvu.



8.2 Lífsmennt

Deilum gildum okkar til að skapa betri heim er okkar speki. Í lífsmenntastundum er félagsfærni og jákvæð samskipti í brennidepli en leiðirnar eru mismunandi eftir aldri og þroska. Börnin læra leiðir til að leysa úr ágreiningi og styrkja boðskiptafærni, s.s. að bíða og skiptast á, setja sig í spor annarra, setja orð á líðan og tilfinningar sínar og umgangast hvort annað með virðingu og kærleika.

Bína bálreiða og boðskiptareglurnar hennar hjálpa öllum að muna hvernig er best að hegða sér svo öllum líði vel. Við vinnum með fjögur gildi á ári, á tveimur árum og hvert gildi í þrjá mánuði í senn.



Lífsgildin eru:

Virðing	Samvinna	Ábyrgð	Þakklæti
Friður	Kærleikur	Umburðarlyndi	Hugrekki

Lífsgildi, námsefni fyrir leikskóla er samið af leikskólakennara í Álfaheiði og er hugsað sem viðbót við gilda-og dygðakennslu. Það var samið sérstaklega fyrir yngstu börnin 2-3 ára gömul og er byggt á reynslu leikskólakennarans í Lífsmenntastundum. Námsefnið er 11 stuttar og einfaldar sögur um lífsgildi og ein saga um aðlögun í leikskóla. Bækurnar heita eftir gildunum sem þær fjalla um og eru eftirtaldar:

Ábyrgð	Aðlögun	Frelsi
Friður	Hamingja	Heiðarleiki
Hugrekki	Kærleikur	Samvinna
Virðing	Þakklæti	Umburðarlyndi

Í hverri sögu eru umræðupunkturar sem hægt er að ræða með börnunum eftir lesturinn. Það fer eftir þroska barnanna hvort og hvernig umræðupunktarnir eru nýttir. Bækurnar eru þannig gerðar að það hentar hverjum sem er að nota þær, bæði leiðbeinendum og fagfólki, foreldrum og systkinum. Bækurnar skapa börnunum fyrirmyndir og er ætlað styrkja góða siðferðisvitund.

8.3 Vináttuverkefnið

Vináttu er forvarnarefni frá Barnaheill sem ætlað er að koma í veg fyrir að einelti þróist í barnahópum í leik- og grunnskólum. Vináttu er fastur liður í starfi leikskólans. Kennsluefnið byggir á gildunum; hugrekki, umburðarlyndi, virðingu og umhyggju/kærleika. Þar er börnum kennt að setja sig í spor annarra og áhersla er á líðan og tilfinningar, umburðarlyndi og virðingu fyrir því að við erum öll ólík. Að sýna hugrekki og hjálpa þeim sem hafðir eru útundan.

Efnið á að stuðla að öruggu, jákvæðu og heilbrigðu lífi fyrir börn í leik- og grunnskóla með því að byggja upp jákvæð samskipti, umhyggju og vináttu.

Markmið Vináttuverkefnisins er:

- að samfélagið í leikskólanum einkennist af umburðarlyndi og virðingu
- að skapa umhverfi þar sem börn sýna hvert öðru umhyggju
- að börn læri að bregðast við neikvæðri hegðun og einelti
- að virkja einstaklinga og gefa þeim hugrekki til að grípa inn í og verja félag sína



Samkvæmt Vináttuverkefninu er einelti slæmt mynstur eða samskipti sem þróast í aðstæðum og umhverfi þar sem umburðarlyndi skortir gagnvart margbreytileikanum, í umhverfi sem börn hafa ekkert val um að vera í og komast ekki burt úr. Alltaf skal skoða hópinn sem heild en ekki einblína á að einhver sé slæmur og annar góður, ekki á geranda og þolanda. Verkefnið byggist því á að efla styrkleika hvers einstaklings og vinna með hópinn í heild, um samskipti, samlíðan, umhyggju og vináttu og vellíðan. Vináttu á því að stuðla að almennri menntun leikskólabarna í hæfni þeirra til að takast á við áskoranir daglegs lífs og í samskiptum við aðra (Helle Rabøl Hansen, 2010, eXbus).

Leikskólinn Álfaheiði á töskur með fræðsluefni fyrir hverja deild. Í töskunni eru:

- Kennsluleiðbeiningar – í leiðbeiningahefti er bakgrunni Vináttu lýst, fjallað um einelti á fræðilegan hátt og hvernig hægt er að innleiða verkefnið í leikskóla.
- Bangsinn Blær (handbrúða)
- Nuddprógramm - nuddsögur sem lesnar eru upp fyrir börnin með teikningum af nuddhreyfingum. Börnin líkja eftir hreyfingunum með því að nudda bak hvert annars.
- Samræðuspjöld - stór spjöld með skýrum og litríkum teikningum af aðstæðum sem geta komið upp í samskiptum. Stuðlað er að samræðum um það sem er að gerast á spjöldunum og á bakhlið spjaldanna eru hugmyndir að spurningum eða umræðum.

- Veggspjöld - veggspjöldin nýtast í umræður um ákveðnar aðstæður eða tilfinningar. Myndirnar á veggspjöldunum sýna raunsannar aðstæður sem ýmist börn, starfsfólk eða foreldrar geta upplifað
- Klípusögur á spjöldum fyrir foreldra og starfsfólk. Klípusögurnar lýsa aðstæðum sem geta komið upp í samskiptum og stuðla að samræðum og skoðanaskiptum um aðgerðir sem hægt er að grípa til í daglegu lífi.

Ýtarlegri fróðleik fyrir starfsfólk og foreldra má finna á: www.barnaheill.is/vinatta

8.4 Grænfánaleikskóli

Álfaheiði leggur áherslu á menntun til sjálfbærni en markmiðið með sjálfbærum lifnaðarháttum er að börn og starfsmenn geri sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra þar sem umhverfi, lýðheilsa, lýðræði og jafnrétti er haft að leiðarljósi. Sjálfbærni felur einnig í sér að þekkja, skilja og virða náttúruna og því er mikilvægt að börnin upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka.

Álfaheiði hefur flaggað Grænfánanum frá árinu 2008. Grænfáninn er tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Viðfangsefnin eru breytileg og á tveggja ára fresti þarf að endurnýja umsókn til Landverndar. Viðfangsefnin eiga það sameiginlegt að efla vitund nemenda, kennara, annarra starfsmanna skólans



og foreldra um umhverfismál og auka þekkingu og styrkja grunn að því að tekin sé ábyrg afstaða og innleiddar raunhæfar aðgerðir í umhverfismálum. Umhverfisnefnd starfar við skólann og sjá nefndarmenn um að leiðbeina, skipuleggja og stýra verkefnum sem lúta að umhverfismálum. Nefndin er tvískipt, umhverfisnefnd elstu barna leikskólans ásamt kennurum þeirra og leikskólastjóra og umhverfisnefnd skipuð starfsmönnum leikskólans.

8.5 Sólblómaleikskóli:

Álfaheiði er Sólblómaleikskóli en í því felst að leikskólinn styrkir barn í SOS Barnaþorpi eða styrkir samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun einu sinni á ári. SOS Barnaþorpin eru stærstu einkareknu barnahjálparsamtökin í heiminum sem sérhæfa sig í að útvega munaðarlausum og yfirgefnum börnum heimili, foreldra og systkini. Álfaheiði hefur styrkt framfærslu Lucasar sem er frá Argentínu frá árinu 2001 til átján ára aldurs. Frá árinu 2018 hefur leikskólinn styrkt framfærslu Isabellu, en hún er frá Tansaníu. Á afmælisdegi Isabellu bjóða börnin foreldrum sínum upp á afmæliskaffi og safna peningum til styrktar henni. Elstu börn leikskólans hafa það hlutverk að sjá um að velja afmælis- og jólagjafir handa henni og útbúa kort. Einnig fara þau á pósthúsið með pakkana og heimsækja SOS samtökin. Það ríkir alltaf mikil gleði í barnahópnum þegar þau fara með söfnunarféð í Hamraborgina þar sem aðsetur SOS samtakanna er.

9. Lokaorð

Þátttaka leikskólans í þróunarverkefni Kópavogsbæjar varðandi *Snemmtæka íhlutun* er mjög góð viðbót við það árangursríka og markvissa starf sem unnið er hér í leikskólanum Álfaheiði. Með fræðslu og ígrundun hefur starfsfólk leikskólans öðlast betri þekkingu á og mótað fjölmarga verkferla sem teknir eru saman í þessari afurð, handbókinni okkar. Sem dæmi má nefna skýra verkferla hvað varðar málörvun og uppbyggingu málörvunarstunda, upphaf leikskólagöngu, bakgrunnsupplýsingar og foreldrasamtöl, skimanir og ferli varðandi aðkomu stoðþjónustu og annarra sérfræðinga.

Þátttaka í verkefninu hefur jafnframt veitt nokkuð góða yfirsýn yfir það námsefni sem við nýtum í daglegu starfi og sérkennslu, hvaða gögn skortir sem og það námsefni sem ekki er jafn vel nýtt og hefur safnað ryki í hillum og skápum í áraraðir. Ráðist var í flokkun á spilum og sérkennslugögnum út frá TRAS skráningarlistanum, þ.e.a.s. að með viðkomandi námsgagni er gott að þjálfra eitthvað af eftirfarandi: Samleikur og félagsfærni, tjáskipti og samskipti, athygli og einbeiting, málskilningur, málvitund, framburður, orðaforði, setningamyndun og stærðfræði. Flokkuninni er hvergi nærri lokið enda bætast stöðugt við ný námsgögn og önnur ganga úr sér. Önnur áskorun er að finna hentugt rými innan leikskólans fyrir aðgengilegt og flokkað námsgagnasafn.

Allt starfsfólk leikskólans fékk fræðslu um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og hugmyndir og verkfæri til að vinna með í daglegu starfi. Þátttaka leikskólans í verkefninu undirstrikar mikilvægi sí- og endurmenntunar starfsfólks.

Handbókin verður endurmetin á þriggja ára fresti en er jafnframt lifandi plagg og mun þróast og breytast samhliða breytingum í starfinu. Leikskólinn Álfaheiði býr yfir ríkulegu hlutfalli leikskólakennara sem leiða leikskólastarfið og án efa mun allt starfsfólk, börn og foreldrar njóta góðs af þeirri vinnu sem hefur átt sér stað við gerð handbókarinnar.

10. Heimildarskrá

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes.

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2006, 2007, 2008). *Bína Bálreiða*. Reykjavík. Forlagið.

Barnaheill - Save the children á Íslandi. (2019). Vinátta. Sótt af:

<https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinata>

Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (2005). *Tákn með tali, orðabók*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Elín Þöll Þórðardóttir. (1998). *Orðaskil, málþroskapróf, styttri útgáfa*. Framsaga: Reykjavík.

Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. (2009). *Lubbi finnur málbeinið*. Reykjavík: Forlagið.

Fjölmenning og íslenska sem annað mál. (2019). Handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í leik – og grunnskóla Kópavogs. Sótt af:

https://fjolmenning.kopavogur.is/wp-content/uploads/sites/18/2019/06/handbok_nem_annað_modurmál_19_6_19.pdf

Greiningar og ráðgjafarstöð Íslands. (2019). Skipulögð kennsla (Teacch) Sótt af:

<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/skipulogd-kennsla>

Greiningar og ráðgjafarstöð Íslands. (2019). Að gera félagshæfnisögur. Sótt af:

<https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/hagnytt-efni-1/ad-gera-fealgshaefnisogur>

Helle Rabøl Hansen, 2010, eXbus.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá Leikskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Þóra Másdóttir. (2008). *Phonological development and disorders in Icelandic-speaking children*. Newcastle University, Newcastle.

11. Viðauki

Einstaklingsnámskrá



TRÚNAÐARMÁL

Einstaklingsnámskrá

Tímabil:

Nafn:

Kennitala:

Forsaga:

Hvaða upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar:

Rökstuðningur fyrir vali á þroskaþáttum/lýsing á núverandi stöðu barnsins:

Styrkleikar:

Langtímamarkmið:

Skammtímamarkmið:

Heima:

Leiðir: Hvernig – Hvar – Hvenær:

Móttökusamtal

Nafn barns:		Dagsetning:		
	Já	Nei	Eitthvað annað	
Var meðganga og fæðing barnsins eðlileg?				
Hefur barnið verið með langvarandi veikindi?				
Hefur barnið farið í heyrnarmælingu?				
Elst barnið upp við tví-/fjöldtyngi?				
Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dóti?				
Bregst barnið við nafninu sínu?				
Hefur barnið áhuga á bókum, er lesið fyrir barnið?				
Finnst þér málþroski barnsins aldursvarandi?(hjal, babl, orð)				
Fer barnið eftir einföldum fyrirmælum?				
Er barnið að bæta við sig skilningi á nýjum orðum?				
Er barnið byrjað að tengja saman orð? 18 mánaða+				
Sýndi barnið frávík í málþroska í skoðun á heilsugæslu ?				
Hefur barnið farið í allar bólusetningar?				
Er barnið með ofnæmi?				
Sefur barnið í vagni?				
Notar barnið?				
snuð bleyju annað:				
Hefur greinst þroskahömlun, athyglisbrestur, kvíð				
eða lestrarörðuleikar í fjölskyldunni?				
Hefur þú haft áhyggjur af þroska eða hegðun barnsins?				
Hver fer með forræði barns og hvernig er fyrirkomulagið?				

Byggt á bókinni *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna*. Akranes. 2014

Móttökusamtal enska

Name:		Date:		
	Yes	No	Note:	
Was the pregnancy and childbirth normal?				
Has your child any chronic illnesses?				
Has your child had their hearing checked out? (audiometric test)				
Does your child grow up in a bi- or multilingual environment?				
Does your child show interest in people and exciting toys?				
Does your child respond to his/her name?				
Is your child interested in books, do you read to the child?				
Do you feel the child's language development is age appropriate? (hum, babble, words)				
Does the child follow simple instructions?				
Is your child adding new words and showing understanding of them?				
Can your child develop a sentence?				
Have there been comments on the child's development at healthcare examinations?				
Has your child had all of his/her vaccinations				
Does your child have any allergies?				
Does your child sleep inside or outside?				
Does your child use? pacifier diaper anything else:				
Has been identified any developmental restriction, attention deficiencies (ADHD), anxiety or reading difficulties in the family?				
Do you have any concern about your child's behavior or development?				
How is the arrangement of the child's custody?				

Yfirlitsblað fyrir TRAS

[illegible]

Yfirlitsblað EFI-2

[illegible]

Fyrir hvert barn notar maður Fyll hnappinn með ýmist **rauðu** ef barnið fær 0 stig, **grænu** fyrir fulla getu en **appelsínugult** ef barnið er ekki að fá hámarks stigafjölda. Ath. Spurningarnar eru ekki í réttri röð miðað við bláðið.



HLJÓM -2

Nafn: _____

Fædd/ur: _____

Deild: _____

Deildarstjóri /Prófandi: _____

Skimunarprófið Hljóm -2 er lagt fyrir elsta aldurshóp barna í flestum leikskólum Kópavogs að hausti.

Hljóm -2 er staðlað íslenskt próftæki sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barna leikskólans. Prófið er eftir Ingibjörgu Símonardóttur og Jóhönnu Einarsdóttur talmeinafræðinga og dr. Amalíu Björnsdóttur dósent. Prófið er í leikjaformi og byggist á sjö mismunandi verkefnum: Rím, Samstöfum, Samsettum orðum, Hljóðgreiningu, Margræðum orðum, Orðhlutaeyðingu og Hljóðtengingu. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir. Niðurstöður prófsins gefa marktækar vísbendingar um áhættu varðandi lestrarörðuleika og eru því mikilvægar fyrir markvissa vinnu á lokaári barnanna í leikskólanum. Fyrirlögn prófsins tekur u.þ.b. 20 – 30 mínútur.

Hljóm -2 var lagt fyrir þann _____ 201__

	Mjög slök færni	Slök færni	Meðalfærni	Góð færni
Rím				
Samstöfur				
Samsett orð				
Hljóðgreining				
Margræð orð				
Orðhlutaeyðing				
Hljóðtenging				
Samtala				

Í verkefninu **Rím** á barnið að benda á mynd sem rímar við orðið sem prófandi nefnir. Hægt er að þjálf þennan þátt málsins með því að finna leiki sem reyna á tilfinningu fyrir hrynjanda málsins og byggður er upp orðaforði um leið og leikið er með rímsögur og þulur. Hægt er að spyrja barnið spurninga á borð við: „Hvað er uppi á höfði þínu sem rímar við sár? Ari er smár en Óli er? Klár, hár „, o.s. frv.

Í samsettum orðum á barnið að setja saman tvö orð, oftast nafnorð. Góð æfing er að gefa barninu fyrri hluta orðs og fá það til að botna. **Dæmi:** fót..... barnið botnar bolti. Snjó.....barnið botnar.....hús, þota....karl.....o.s.frv. Mikilvægt er að fá barnið til að velta innihaldi orða fyrir sér. **Dæmi:** Af hverju heitir sandkassi sandkassi? Af hverju heitir leikskóli leikskóli? Einnig er gaman að leika sér að því að víxla orðum í Samtengingu. Barnið lærir að sum orð er hægt að segja á tvo vegu en önnur ekki af því að orðin sem verða til eru ekki til í tungumálinu. Orðið kertaljós er til en ekki ljóskerti. Aftur á móti er bæði hægt að tala um blómapott og pottablóm.

Í verkefninu Orðahlutaeyðing á barnið að greina tvo merkingarbæra orðhluta. Bæði þessi þáttur og samsett orð reyna á hvort barnið áttar sig á aðalatriðum innan orðs, þ.e. merkingarbæru orðhlutunum. Hægt er að þjálf þennan þátt með því að nota sjónrænar tengingar eins og kubba eða myndir. Það auðveldar barninu að skilja hvernig orðin eru aðskilin. Gæta þarf þess þá að kubburinn eða myndin sem tákna fyrri hluta séu réttu megin miðað vil lesátt. **Dæmi:** Hvað verður eftir þegar þú tekur loft burt af loftljósi?

Í Hljóðtengingar á barnið að greina hljóð að í orði. Í þessum þætti á það að hljóða saman tvö til þrjú hljóð í orð. **Dæmi:** /a/-/r/-/i/ = Ari. Í leikjum til að þjálf þessa færni sem og í færni í að greina að hljóð í orði er mikilvægt að ýkja hljóðin og reyna að gera myndunarstaðinn sem sýnilegastan (sbr. /T/k/ o.fl.). Sögð eru hljóðin í orðinu með u.þ.b. 1. Sekúndu bili og barnið giskar á hvað verið er að segja. **Dæmi:** /Ó/-/S/K/ = Ósk.

Í verkefninu Samstöfur á barnið að klappa atkvæði í orðum. Slíkur leikur er góður undirbúningur fyrir síðari greiningu málhljóða. Oftast er þetta léttur og skemmtilegur leikur þar sem klappa má saman ýmis orð og telja atkvæðin, þ.e. hversu oft var klappað. **Dæmi:** fót-bolt-i = 3 klöpp.

Í verkefninu Hljóðtenging fæst barnið við sundurgreiningu málhljóða. Þar reynir á hljóðkerfisvitund barnsins, ekki hvað síst hljóðvitund. Barnið tengir heyrnrænt saman tvö til þrjú málhljóð í orð. Hljóðin í orðinu eru slitin í sundur og haft smá hik á milli þeirra til dæmis /s/-/ó/-/l/. Til að þjálf þennan þátt er mikilvægt að ýkja hljóð í orðum og reyna að gera myndunarstaðinn sem sýnilegastan.

Rannsóknir sína að þau börn sem lesið er fyrir daglega, ná marktækt betri árangri í lestri en þau sem sjaldnar er lesið fyrir.

Þær bækur sem við vinnum með í málrækt á Álfaheiði eru:

Ljáðu mér eyra: Ásthildi Bj. Snorradóttur og Valdísi B. Guðjónsdóttur.

Leggðu við hlustir: Arnheiði Borg, Áslaugu Hartmannsdóttur, Eirík Ellertsson og Ingibjörgu Símonardóttur.

Tölum saman: eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bjartey Sigurðardóttur.

Sól: Íslensk þýðing, Margrét Tryggvadóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir.

Lubbi: Eyrúnu Ísfold Gísladóttir og Þóru Másdóttur

Orðagull: eftir Bjartey Sigurðardóttur og Ásthildi Bj. Snorradóttur.

Málrækt er einu sinni í viku, söng- og sögustund á hverjum degi.

Nytsamlega hlekkir má finna inn á heimasíðu leikskólans.

<https://alfaheidi2.kopavogur.is/hlekkir/>